

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 359/2014****2017/EES/17/02****frá 9. apríl 2014****um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar skrá yfir
lönd sem um getur í 9. gr. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 97/78/EB er mælt fyrir um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Sambandsins frá þriðju löndum.
- 2) Í 1. mgr. 19. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að taka saman skrá yfir plöntuafurðir sem eiga að sæta heilbrigðiseftirliti dýralæknis við landamæri og skrá yfir þau þriðju lönd sem mega flytja þessar plöntuafurðir til Sambandsins.
- 3) Í samræmi við það eru hey og hálmur skráð í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 ⁽²⁾ sem plöntuafurðir sem falla undir heilbrigðiseftirlit dýralæknis við landamæri en í I. hluta V. viðauka við þá reglugerð er skrá yfir lönd þaðan sem aðildarríkjum er heimilt að flytja inn hey og hálm.
- 4) Reglugerð (EB) nr. 136/2004 var samþykkt fyrir gildistöku aðildarsáttmálans frá 2003. Í II. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 135/2004 er skrá yfir inngönguríki sem átti við til 30. apríl 2004. Af þessum sökum er hvorki lengur nauðsynlegt að viðhalda II. hluta V. viðauka né skiptingu V. viðauka í tvo hluta.
- 5) Fyrir skýrleika sakir ætti að bæta ISO-kóða landsins við í V. viðauka.
- 6) Serbía hefur nýlega óskað eftir leyfi til útflutnings á heyi og hálm til Sambandsins.
- 7) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ⁽³⁾ er Serbía skráð sem land þaðan sem innflutningur til Sambandsins á sendingum af nýju kjöti af nautgripum, sauðfé og geitum og af tömdum hófdýrum er leyfður.
- 8) Þó að ekki sé leyfilegt að flytja lifandi hóf- og klaufdýr frá Serbíu inn til Sambandið má leyfa aðflutning heys og hálmis þar eð dýraheilbrigðisástandið í Serbíu skapar ekki áhættu á dreifingu smitandi dýrasjúkdóma gegnum þessar plöntuafurðir sem gætu hafa komist í snertingu við lifandi dýr.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 136/2004 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND SEM UM GETUR Í 9. GR.

ISO-kóði	Land
AU	Ástralía
BY	Hvíta-Rússland
CA	Kanada
CH	Sviss
CL	Síle
GL	Grænland
IS	Ísland
NZ	Nýja-Sjáland
RS	Serbía ⁽¹⁾
US	Bandaríki Ameríku
ZA	Suður-Afríku (að undanskildum þeim hluta gin- og klaufaveikivarnasvæðisins sem er í dýralæknaumdæmi Norður- og Austur-Transvaal, í Ingwavuma-héraði í Natal-dýralæknaumdæminu og á svæðinu við landamærin að Botswana, austan 28. lengdargráðu)

(¹) Eins og um getur í 135. gr. stöðugleika- og samstarfssamningsins milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og Lýðveldisins Serbíu hins vegar (Stjtíð. ESB L 278, 18.10.2013, bls. 16).“